

REGLUR

um úthlutun styrkja af fé því, er veitt er á fjárlögum 1970 til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms.

1. Tilgangur styrkjanna er:
 - a) að bæta aðstöðu þeirra framhaldsskólanemenda, er verulegan ferðakostnað hafa vegna náms.
 - b) að bæta aðstöðu framhaldsskólanemenda, er verða að dvelja við nám fjarri heimilum sínum, án þess að eiga kost á skólaheimavist.
2. Framhaldsskólar eru:
 - a) Gagnfræðastigsskólar ofan skyldunáms.
 - b) Menntaskólar.
 - c) Kennaraskólar.
 - d) Sérnáms-skólar.
3. Veittir skulu tvenns konar beinir styrkir til framhaldsskólanemenda, — ferðastyrkir og dvalarstyrkir. Auk þess skal framhaldsskólum, þar sem aksturskostnaður fellur ekki undir ákvæði 20. gr. laga nr. 49/1967, veittur styrkur til skipulagðs aksturs að skólunum.
4. Ferðastyrkir, allt að þremur fjórðu, eru veittir vegna ferðakostnaðar nemenda frá dvalarstað hans innanlands við byrjun skólaárs að skóla, og frá skóla að dvalarstað innanlands við lok skólaárs. Fyrir skólaárið 1969/70 er lágmarksviðmiðun kr. 400.00.
5. Dvalarstyrkir eru veittir þeim nemendum, er verða að dvelja utan heimila sinna, án þess að eiga kost á skólaheimavist. Fyrir skólaárið 1969/70 er hámark dvalarstyrks kr. 1200 á mánuði. Miða skal við nauðsynlegan dvalartíma á skóla- stað vegna námsins, að meðtöldum skólafríum.
6. Við úthlutun dvalarstyrkja koma að jafnaði þeir framhaldsskólanemendur einir til greina, er sækja nám í skóla, er kennir hverjum nemanda að minnsta kosti 30 stundir á viku, og eigi skemur en 24 vikur á skólaári.
7. Njóti nemandi námsláns eða styrks annars staðar að eða launa án vinnufram- lags á skólaárinu, má lækka dvalarstyrk til hans með hliðsjón af því.
8. Ríkissjóður greiðir að hluta daglegan flutningskostnað þeirra framhaldsskóla- nemenda, er hér um ræðir, enda hafi menntamálaráðuneytið áður samþykkt akst- urinn og greiðslur fyrir hann. Sé hægt að nota strætisvagna eða áætlunarbif- reiðir, greiðir ríkissjóður helming kostnaðar, sé skólaleið nemanda 2.0 km eða meir. Verði að skipuleggja sérstakan akstur, greiðir ríkissjóður þrjá fjórðu kostnaðar.
9. Sé skóli rekinn sameiginlega af ríki og sveitarfélagi (félögum), og hafi sveitar- félag greitt aksturskostnað, fær það hlutfallslega endurgreiðslu úr ríkissjóði samkv. endurskoðuðum reikningum og fylgiskjölum, sbr. ákvæði 20. gr. laga nr. 49/1967. Sé skóli rekinn af ríki eða sem sjálfseignarstofnun, er greitt úr ríkis- sjóði til skólans, en nemendur bera helming eða fjórðung kostnaðar, eftir því sem við á.

10. Menntamálaráðherra skipar úthlutunarnefnd þannig: Ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytisins, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar, einn mann án tilnefningar, einn mann samkv. tilefningu fjármálaráðuneytisins, og tvo menn samkv. tilnefningu stjórnar Sambands isl. sveitarfélaga. Hlutverk úthlutunarnefndar er:

1) Að úthluta styrkjum og annast endurgreiðslur.

2) Að annast gagnasöfnun varðandi aðstöðumun nemenda til framhaldsnáms.

Menntamálaráðuneytið, 21. maí 1970.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um myntútgáfu.

Á grundvelli laga um gjaldmiðil Íslands nr. 22 frá 23. apríl 1968, mun Seðlabankinn gefa út á næstunni 10 aura og 50 króna málmpeninga með svofelldri gerð:

1. Tíu aura peningurinn er 15 mm í þvermál og vegur 0,449 gr. Hann er úr hreinu áli. Peningurinn er með sömu myndum og 10 aura peningar, sem í umferð eru. Rönd peningsins er riffluð. Á bakhlið peningsins er ártalið „1970“ yfir fánamerki lýðveldisins.
2. Fimmtíu króna peningurinn er 30 mm í þvermál og vegur 12,5 gr. Málmhlutföll peningsins eru 75% kopar og 25% nikkell, sem skeikað getur um 1% innan nefndra hlutfalla.

Á framhlið peningsins eru tölustafirnar „50“ fyrir miðjum pening inni í hring og þar fyrir ofan „ÍSLAND“ en að neðan „KRÓNUR“.

Á bakhlið peningsins er mynd af Alþingishúsinu og ártalið „1970“ þar fyrir neðan.

Rönd peningsins er slétt.

Þetta er almenningi gert kunnugt hér með.

Viðskiptaráðuneytið, 25. maí 1970.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Vinstri beygja verður bönnuð af Snorrabraut til vesturs inn á Laugaveg.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 9. júní 1970.

Sigurjón Sigurðsson.